

Mánudaginn 6. maí 1940.

Nr. 128/1939. **Guðmundur Kristjánsson**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Gunnlaugi Stefánssyni** (Enginn).

Ómerking héraðsdóms og heimvísun málsins til meðferðar eftir 120. gr. laga nr. 85 frá 1936.

### Dómur hæstaréttar.

Málinu er áfrýjað með stefnu 16. desember 1939. Stefnan hefir verið löglega birt, en stefndi mætti ekki, er flytja skyldi málið, og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefir fengið gjafsókn og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2161.18 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum effir mati hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Í héraði hefir málið verið svo lélega skýrt af beggja hendi, að dómarrinn hefði átt, eftir að það var tekið til dóms og hann hlaut að hafa séð, hversu gallaður málflutningurinn var, að taka það upp af nýju samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum kost á að skýra það betur. Samkvæmt þessu þykir rétt að ómerkja héraðsdóminn og skylda héraðsdómarann til þess að taka málið fyrir af nýju og veita aðiljum kost á að koma að þeim gögnum og skýringum, er þeir kynnu að óska og efni verða til.

Stefndi hefir, að því er virðist, með viljandi röng-

um málflutningsyfirlýsingum fengið sýknudóm í héraði og knúið þar með gagnaðilja sinn til áfrýjunar málsins. Með hliðsjón af þessu og málalokum hér fyrir dómi þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða allan málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst kr. 500.00. Þar af greiðist ríkissjóði réttargjöld og annar kostnaður vegna málskotsins, kr. 193.00, talsmanni áfrýjanda í málflutningslaun kr. 220.00 og áfrýjanda sjálfum kr. 177.00.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur, og ber héraðsdómaranum að taka málið upp af nýju og veita aðiljum kost á að koma að þeim gögnum og skýringum, er þeir óska og efni verða til.

Stefndi greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, er ákveðst samtals kr. 500.00, þar af til ríkissjóðs kr. 103.00, til talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Gunnars hæstaréttarmálflutningsmanns Þorsteinssonar, kr. 220.00 og til áfrýjanda sjálfs kr. 177.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Hafnarfjarðarkaupstaðar 30. okt. 1939.**

Ár 1939, mánudaginn 30. október, kl. 1,30 e. h., var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var á skrifstofu bæjarfógetans í Hafnarfirði af bæjarfógeta Bergi Jónssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1/1939, en mál þetta var dómtekið hinn 17. október síðastliðinn.

Mál þetta er, að undangenginni sáttatilaun, höfðað fyrir bæjarþinginu með réttarstefnu, útgefinni 31. maí 1939, af Guðmundi Kristjánssyni, Suðurpól 38 í Reykjavík, á hend-

ur Gunnlaugi Stefánssyni, kaupmanni, í Hafnarfirði, til greiðslu á andvirði fisks, að upphæð kr. 1303.24 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags, kr. 1500.00 í skaðabætur og álitshnekki, og málskostnaði að skaðlausu.

Til sönnunar fiskinnleggi sínu til stefnds hefir stefnandi lagt fram reikning, útgefinn 31. des. 1938, en samkvæmt honum kveðst hann hafa á árinu 1935 lagt inn til stefnds 3133 kg fisks fyrir samtals kr. 1303.24.

Þá hefir hann lagt fram vottorð Ólafs Jólssonar um, að samkvæmt „vigtarbók“ Ólafs hafi stefnandi hinn 14. sept. 1935 lagt inn til stefnda greint fiskmagn, þ. e. 3133 kg.

Stefndi hefir hinsvegar mótmælt öllum kröfum stefnanda „sem alröngum og rakalausum uppspuna frá rótum“, og því krafizt algerðrar sýknu og að honum verði tildæmdar hæfilegar bætur fyrir „óþarfa málsýfingu og ósæmilegar aðdróttanir“.

Stefndi hefir hinsvegar, þrátt fyrir þessi mótmæli, ekki lagt fram nein frekari gögn og eigi látið staðfesta fyrrgreint vottorð, og það enda þótt löglærður málflutningsmaður hafi mætt fyrir hann í málinu.

Samkvæmt framangreindu getur rétturinn eigi tekið kröfur stefnanda til greina og þykir rétt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda kr. 50.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnlaugur Stefánsson, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Guðmundar Kristjánssonar, í máli þessu.

Stefnandinn, Guðmundur Kristjánsson, greiði stefnda, Gunnlaugi Stefánssyni, kr. 50.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögmætri birtingu dóms þessa.